

Samstæðuársreikningur

Rauði krossinn á Íslandi

2025



Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar og skoðunarmanna á ársreikninginn	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3 - 4
Rekstrarreikningur ársins 2025	5
Efnahagsreikningur 31. desember 2025	6 - 7
Sjóðstreymi ársins 2025	8
Skýringar	9 - 13
Sundurliðanir	14 - 18

Stjórn Rauða krossins á Íslandi:

Sigríður Stefánsdóttir, formaður
Jón Ásgeirsson, varaformaður
Arnbjörg Sveinsdóttir
Auðbjörg Brynja Bjarnardóttir
Ingibjörg Ásta Bjarnadóttir
Ívar Kristinsson
Magnea Gná Jóhannsdóttir

Óttarr Ólafur Proppé
Símon Friðrik Símonarson
Valgerður Bláklukka Fjölnisdóttir
Unnsteinn Ingason

Framkvæmdastjóri:

Ingibjörg Halldórsdóttir

Endurskoðandi:

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar og skoðunarmanna

Aðalstarfsemi Rauða krossins á Íslandi er mannúðar- og hjálparstarf.

Samstæðuársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Afkoma Rauða krossins á Íslandi á árinu samkvæmt rekstrarreikningi var jákvæð um 569 millj. kr. Eigið fé í lok árs var 6.214 millj. kr en var 5.645 millj. kr. í upphafi árs. Stjórn Rauða krossins á Íslandi leggur til að rekstrarhagnaði ársins verði ráðstafað til næsta árs. Upplýsingar um stöðugildi og launakostnað má sjá í skýringu 19-20. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu Rauða krossins og rekstur hans á liðnu ári.

Samningur um þjónustu við umsækjendur um vernd sem rann út um mitt ár var ekki endurnýjaður og verkefnið færðist til Vinnumálastofnunar. Þar með lauk rúmlega tíu ára samningssambandi félagsins við stjórnvöld um stuðning við þennan viðkvæma hóp.

Tekjur af skyndihjálparnámskeiðum jukust verulega vegna markvissar sóknar og aukins samstarfs landsskrifstofu og deilda.

Mikill kraftur var í stuðningi Rauða krossins við samfélagið í Grindavík í formi námskeiða, vinnustofa og viðburða sem styrkt var af Rio Tinto.

Hjá þeim 26 deildum sem starfa innan félagsins, voru mestu umsvifin hjá deildum á höfuðborgarsvæðinu, í Eyjafirði, í Múlasýslu og á Suðurnesjum.

Silja Bára Ómarsdóttir sagði af sér formennsku í júní eftir að vera kjörin rektor Háskóla Íslands og Sigríður Stefánsdóttir varaformaður tók við formennskunni. Gísli Rafn Ólafsson lét af störfum sem framkvæmdastjóri í febrúar 2026. Nýr framkvæmdastjóri, Ingibjörg Halldórsdóttir, hóf störf í maí 2026.

Stjórn Rauða krossins á Íslandi og framkvæmdastjóri staðfesta hér með samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. maí 2026

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Rauða krossins á Íslandi.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning (hér eftir ársreikningurinn) Rauða krossins á Íslandi (hér eftir samstæðan) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2025, efnahag hennar 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með samstæðuársreikningi sem og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar teljast til að mynda skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlitri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og samstæðuársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun sé framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar:

Áritun óháðs endurskoðanda - frh.

Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.

Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi samstæðunnar.

Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar á samstæðunni.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 17 þar sem fram koma upplýsingar um eignir utan efnahagsreiknings. Rauði krossinn á Íslandi á 68,76% eignarhlut í sameignarfélaginu Íslandsspilum sf. sem ekki er færður til eignar í efnahag samstæðunnar.

Theodór S. Sigurbergsson

löggiltur endurskoðandi

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 8. maí 2026

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Tekjur af söfnunarkössum	17	360.714	353.660
Tekjur af sölustarfsemi	22	455.328	492.038
Samningsbundin verkefni við ríkið og sveitarfélög	23	1.089.057	1.138.722
Sjúkraflutningar, hlutur sjúklinga og stofnana		642.361	603.221
Frjáls framlög	24	661.162	753.591
Tekjur af fasteignum og aðrar tekjur	25	18.013	17.710
Söluhagnaður fastafjármuna		<u>156.980</u>	<u>0</u>
		3.383.614	3.358.941
Fjármunatekjur að frádregnum fjármagnsgjöldum		<u>294.548</u>	<u>330.101</u>
Tekjur til verkefna		3.678.162	3.689.042
Gjöld og framlög til verkefna			
Innlend verkefni	26	1.129.093	1.236.218
Alþjóðleg verkefni	27	636.057	650.876
Sjúkraflutningar	18, 28	689.146	674.237
Fjáröflun og kynning	29	370.728	398.129
Sameiginlegur kostnaður	30	<u>283.950</u>	<u>230.124</u>
		3.108.973	3.189.584
Tekjur umfram gjöld		<u>569.189</u>	<u>499.459</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2025	2024
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6, 12		
Fasteignir		615.153	336.913
Áhöld, tæki og búnaður		291.336	175.131
Bífreiðar		950.316	658.907
		<u>1.856.805</u>	<u>1.170.950</u>
Langtímakröfur og áhættufjármunir:			
Bundnar innstæður og verðbréf hjá deildum		247.235	192.866
Bundnar bankainnstæður varasjóðs	13, 14	373.256	358.213
		<u>620.492</u>	<u>551.080</u>
Fastafjármunir		<u>2.477.296</u>	<u>1.722.030</u>
Veltufjármunir			
Birgðir:			
Vörubirgðir	7	1.514	1.391
Skammtímakröfur:			
Útistandandi tekjur af söfnunarkössum		24.158	34.706
Aðrar skammtímakröfur	8	264.351	243.383
Veltufjármunir varasjóðs:			
Innstæður og verðbréf varasjóðs	13, 14	819.744	834.787
Handbært fé:	9		
Sjóður og bankainnstæður		2.942.310	2.839.588
Skammtímaverðbréf		1.047.651	887.611
Veltufjármunir		<u>5.099.727</u>	<u>4.841.466</u>
Eignir alls		<u>7.577.023</u>	<u>6.563.496</u>
Eignir utan efnahagsreiknings	17		

31. desember 2025

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2025	2024
Eigið fé	15		
Bundið eigið fé:			
Varasjóður		1.193.000	1.193.000
Eigið fé bundið í varanl. rekstrarfjárm.		1.856.805	1.170.950
Eigið fé bundið í Sjúkrabílasjóði		1.458.960	1.511.620
Skilyrt framlög		388.117	257.995
		<u>4.896.882</u>	<u>4.133.566</u>
Óbundið eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		1.317.157	1.511.283
Eigið fé		<u>6.214.039</u>	<u>5.644.849</u>
Skuldbindingar			
Eftirlaunaskuldbinding	16	<u>124.909</u>	<u>120.135</u>
Skuldbindingar		<u>124.909</u>	<u>120.135</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		848.399	236.317
Óráðstafaðar tekjur til verkefna	32	<u>389.676</u>	<u>562.195</u>
Skammtímaskuldir		<u>1.238.075</u>	<u>798.512</u>
Skuldir alls		<u>1.362.985</u>	<u>918.647</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u>7.577.023</u>	<u>6.563.497</u>

Sjóðstreymi ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Handbært fé frá rekstri			
Frá rekstri:			
Tekjur umfram gjöld af reglulegri starfsemi		569.189	499.459
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6, 12	227.841	255.878
Söluhagnaður eigna		(156.980)	(1.066)
Hækkun eftirlaunaskuldbindingar	16	23.619	14.520
		<u>663.669</u>	<u>768.791</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur; (hækkun) lækkun		(10.419)	44.997
Birgðabreyting; (hækkun) lækkun		(123)	75
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)		439.563	(71.387)
		<u>429.021</u>	<u>(26.314)</u>
		<u>1.092.690</u>	<u>742.477</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð og söluverð eigna hjá Sjúkrabílasjóði		(580.291)	(3.791)
Kaupverð og söluverð eigna hjá deildum		144.188	(4.493)
Kaupverð og söluverð eigna hjá Landsskrifstofu		(312.427)	(22.673)
Kaupverð og söluverð eigna hjá Fatasöfnun		(8.184)	0
Bundnar innstæður og verðbréf deilda		(54.369)	47.287
		<u>(811.083)</u>	<u>16.329</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir eftirlaunaskuldbindingar	16	(18.845)	(16.488)
		<u>(18.845)</u>	<u>(16.488)</u>
Hækkun á handbæru fé		262.762	742.317
Handbært fé í ársbyrjun		3.727.199	2.984.883
Handbært fé í árslok		<u>3.989.961</u>	<u>3.727.199</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Aðalstarfsemi Rauða krossins á Íslandi er mannúðar- og hjálparstarf.

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Vikið er frá kröfum ársreikningalaga varðandi meðferð eignarhluta í Íslandsspilum sf. eins og heimilt er samkvæmt 2. mgr. 5. gr. ársreikningalaga. Eignarhlutinn hefur verið utan efnahagsreiknings allt frá stofnun Íslandsspila sf., þar sem starfsemi Íslandsspila sf. er verulega frábrugðin starfsemi Rauða krossins á Íslandi. Í skýringu nr. 17 er gerð nánari grein fyrir þessu. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í þúsundum íslenskra króna.

Grundvöllur samstæðu

2. Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2025 hefur að geyma ársreikning landsskrifstofu, Sjúkrabílasjóðs, Fatasöfnunar Rauða krossins og allra Rauða kross deilda á landinu, sem vísað er til sem samstæðunnar.

Deildir sem innifaldar eru í samstæðunni starfa undir merkjum Rauða Krossins og fylgja reglum og markmiðum hans.

Stöður milli deilda, viðskipti og óinnleystur hagnaður og/eða tap sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra eru felld út í samstæðuársreikningnum.

Erlendir gjaldmiðlar

3. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok ársins. Verðbætur og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

Innlausn tekna

4. Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast.

Frjáls framlög og styrkir eru færð til tekna við greiðslu.

Lotun gjalda

5. Útgjöld eru færð í samstæðuársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádrögnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til að niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	33 - 50 ár
Áhöld, tæki og búnaður	5 ár
Bifreiðar	5 - 8 ár

Birgðir

7. Birgðir í efnahagsreikningi eru vegna verslana Kvennadeildar. Þær eru metnar á síðasta innkaupsverði.

Aðrar skammtímakröfur

8. Aðrar skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádrögnum niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Óbein niðurfærsla annarra skammtímakrafna nam 193 millj.kr. í lok ársins en hún nam 159 millj.kr. í ársbyrjun.

Handbært fé

9. Sjóður, bankainnstæður og skammtímaverðbréf teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Starfsþáttayfirlit

10. Rekstur samstæðunnar skiptist þannig eftir starfsþáttum:

	Lands- skrifstofa	Sjúkra- bílar	Fata- söfnun	Deildir	Innbyrðis viðskipti	Samtals
Tekjur af söfnunarkössum	358.080	0	0	2.633	0	360.714
Tekjur af sölustarfsemi	118.952	0	190.084	146.291	0	455.328
Samningsb. verk við stjórnvöld	1.005.455	306.500	0	83.602	(306.500)	1.089.057
Sjúkraflutningar	0	642.361	0	0	0	642.361
Frjáls framlög	658.743	0	25.294	280.211	(303.086)	661.162
Framlag RKÍ til sjúkrabíla	0	22.000	0	0	(22.000)	0
Tekjur af fasteignum	1.575	0	0	16.438	0	18.013
Fjármunatekjur	179.086	52.151	1.597	61.714	0	294.548
Söluhagnaður fastafjármuna	0	0	0	157.095	(115)	156.980
Framlög til deilda úr verkefnasj. ...	(945)	0	0	0	945	0
	<u>2.320.946</u>	<u>1.023.012</u>	<u>216.975</u>	<u>747.985</u>	<u>(630.756)</u>	<u>3.678.162</u>
Innlend verkefni	840.625	0	65.200	576.119	(352.851)	1.129.093
Alþjóðleg verkefni	636.057	0	0	0	0	636.057
Sjúkraflutningar	328.500	698.582	0	0	(337.935)	689.146
Fjáröflun, samskipti og kynning	171.060	0	151.616	50.691	(2.639)	370.728
Sameiginlegur kostnaður	221.280	0	0	0	62.670	283.950
Afkoma	123.425	324.431	159	121.175	0	569.189

11. Efnahagur samstæðunnar skiptist þannig eftir starfsþáttum:

	Lands- skrifstofa	Sjúkra- bílar	Fata- söfnun	Deildir	Innbyrðis viðskipti	Samtals
Varanlegir rekstrarfjármunir	396.139	1.185.605	10.527	264.533	0	1.856.804
Bundnar innstæður og verðbréf	373.257	0	0	247.235	0	620.492
Skammtíma kröfur og birgðir	236.197	956.594	2.129	44.065	(948.962)	290.023
Innstæður og verðbréf varasj.	819.744	0	0	0	0	819.744
Handbært fé	2.480.854	618.570	56.376	834.162	0	3.989.961
	<u>4.306.190</u>	<u>2.760.769</u>	<u>69.032</u>	<u>1.389.995</u>	<u>(948.962)</u>	<u>7.577.024</u>
Bundið eigið fé	1.977.298	2.644.523	10.528	264.532	0	4.896.881
Óbundið eigið fé	334.212	0	19.369	963.576	0	1.317.157
Skuldir og skuldbindingar	1.994.680	116.246	39.135	161.887	(948.962)	1.362.986
	<u>4.306.190</u>	<u>2.760.769</u>	<u>69.032</u>	<u>1.389.995</u>	<u>(948.962)</u>	<u>7.577.024</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

12. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundradshluti, greinast þannig:

	Fasteignir	Áhöld, tæki og búnaður	Bifreiðar	Samtals
Samstæða:				
Heildarverð 1.1. 2025	642.880	646.583	1.677.205	2.966.667
Afskrifað áður	(305.966)	(471.451)	(1.018.299)	(1.795.716)
	<u>336.913</u>	<u>175.131</u>	<u>658.907</u>	<u>1.170.951</u>
Viðbót á árinu	313.370	170.668	454.882	938.920
Selt og niðurlagt á árinu	(20.030)	0	(5.195)	(25.225)
Afskrifað á árinu	(15.100)	(54.464)	(158.277)	(227.841)
Heildareign 31.12. 2025	<u>615.153</u>	<u>291.336</u>	<u>950.316</u>	<u>1.856.805</u>

Afskriftarhlutföll 2-3% 20% 15-20%

Mat á fasteignum skiptist þannig:

	Fasteignamat 31.12. 2025	Brunabótamat 31.12. 2025	Bókfært verð 31.12. 2025
Efstaleiti 9	375.250	538.750	364.025
Rauðarárstígur 33, 6 íbúðir, 50%	217.075	126.040	7.686
Grímseyri 9	11.940	42.880	2.577
Fasteignir deilda	448.128	1.187.126	240.866
	<u>1.052.393</u>	<u>1.894.796</u>	<u>615.153</u>

Innstæður og verðbréf varasjóðs

13. Eignir varasjóðs eru færðar þannig í ársreikningi samstæðunnar:

	Árið 2025	Árið 2024
Bundnar bankainnstæður til langs tíma	373.256	358.213
Innstæður og verðbréf varasjóðs	819.744	834.787
	<u>1.193.000</u>	<u>1.193.000</u>

14. Yfirlit yfir verðbréfaeign og innstæður varasjóðs:

	Árið 2025	Árið 2024
Innlendir skuldabréfasjóðir	501.939	511.941
Erlendir hlutabréfasjóðir	195.713	204.328
Innlend hlutabréf	734	934
Bankabréf og skuldabréf fyrirtækja	121.357	117.583
Bankainnstæður	373.256	358.213
	<u>1.193.000</u>	<u>1.193.000</u>

Eigið fé

15. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Varasjóður	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Flutt frá fyrra ári	1.193.000	2.940.566	1.511.283	5.644.849
Verkefnasjóður; breyting		130.122	(130.122)	0
Sjúkrabílasjóður; breyting		(52.660)	52.660	0
Varanl. rekstrarfjárm.; breyting		685.854	(685.854)	0
Tekjur umfram gjöld			569.189	569.189
Eigið fé samtals 31.12. 2025	<u>1.193.000</u>	<u>3.703.881</u>	<u>1.317.157</u>	<u>6.214.038</u>

Eftirlaunaskuldbinding

16. Á Rauða krossinum á Íslandi hvílir eftirlaunaskuldbinding vegna eftirlaunaréttinda nokkurra fyrrum starfsmanna. Reiknuð hækkun eftirlaunaréttinda á árinu, sem byggð er á útreikningi tryggingastærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á eftirlaunaskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir á árinu er færður til lækkunar á skuldbindingunni. Breytingin á árinu greinist þannig:

	2025	2024
Eftirlaunaskuldbinding í ársbyrjun	120.135	122.104
Breyting áunninna réttinda á árinu	23.619	14.520
Greitt á árinu	(18.845)	(16.488)
Eftirlaunaskuldbinding í árslok	<u>124.909</u>	<u>120.135</u>

Önnur mál

Eignir utan efnahagsreiknings

17. Rauði krossinn á Íslandi á 68,75% eignarhlut í sameignarfélaginu Íslandsspilum sf. Meðeigandi er Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Íslandsspil sf. er samstarfsverkefni sem hefur þann tilgang að afla fjár fyrir starfsemi félaganna með ábyrgum rekstri á söfnunarkössum. Hagnaði af rekstri Íslandsspila sf. er að mestu ráðstafað árlega til eigenda og er ráðstöfun ársins færð í rekstrarreikning undir liðnum "Tekjur af söfnunarkössum".

Í árslok 2025 nam eigið fé Íslandsspila sf. 421 millj.kr. og nam því hlutdeild Rauða krossins á Íslandi 290 millj.kr.

Sjúkraflutningar

18. Heildarkostnaður við rekstur Sjúkrabílasjóðs nam 698,6 millj. kr. á árinu en tekjur af flutningum námu 642,4 millj.kr. Framlag ríkisins vegna verkefnisins nam 306,5 millj. kr. Framlag RKÍ samkvæmt samningi við ríkið nam 22,0 millj. kr. á árinu.

Samkvæmt samkomulagi við ríkið ber Sjúkrabílasjóði að ráðstafa rekstrarafgangi sínum til að mæta rekstrarhalla í framtíðinni.

Laun og launatengd gjöld

19. Laun, launatengd gjöld og starfsmannatengdur kostnaður greinast þannig:

	2025	2024
Laun landsskrifstofu og Sjúkrabílasjóðs	501.513	467.745
Laun Fjöldahjálparmiðstöð og neyðarskýli	40.052	83.469
Laun sendifulltrúa	7.213	23.408
Laun Fatasöfnunar	50.511	58.866
Laun deilda	267.267	229.667
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	238.508	231.512
	<u>1.105.064</u>	<u>1.094.667</u>

Laun stjórnenda námu 68,5 millj. kr. á árinu 2025 (2024: 45,9 millj. kr.)

20. Stöðugildi hjá Rauða krossinum á Íslandi voru eftirfarandi:

	2025	2024
Efstaleiti 9	40,3	41,8
Farsóttarhús og sóttvarnarhótel	0,0	0,0
Fjöldahjálparstöð og neyðarskýli	3,8	9,3
Deildir	27,5	25,0
Fatasöfnun	5,6	7,4
Sjúkrabílasjóður	2,4	2,4
Sendifulltrúar	0,5	1,6
	<u>80,1</u>	<u>87,5</u>

Þóknun til endurskoðenda

21. Þóknun til ytri endurskoðenda samstæðunnar nam 7,8 millj. kr. (2024: 7,7 millj. kr.)

Sundurliðanir ársins 2025

	2025	2024
22. Tekjur af sölustarfsemi		
Tekjur af Fatasöfnun	190.084	256.141
Tekjur deilda vegna fatakorta	4.909	4.537
Önnur sala hjá verslunum deilda	94.531	95.619
Seld námskeið	136.429	100.610
Vörusala umfram vörunotkun af sölustarfsemi Kvennadeildar	24.366	24.381
Önnur vörusala	2.976	6.380
Fæðissala	2.033	4.369
Tekjur af sölustarfsemi	455.328	492.038
23. Samningsbundin verkefni við ríkið og sveitarfélög		
Sjúkraflutningar	306.500	295.000
Neyðarskýli	149.269	128.892
Flóttafólk	123.788	110.529
Umsækjendur um alþjóðlega vernd	59.043	107.463
Skaðaminnkun - Neyslurými	56.174	27.550
Malaví - þróunar- og neyðaraðstoð	51.443	54.090
Miðjarðarhaf - neyðaraðstoð	48.001	66.798
Úkraína - vopnuð átök IFRC	36.145	0
Sierra Leone - þróunarsamvinna	34.141	60.669
Skaðaminnkun - Frú Ragnheiður	30.849	23.232
Hjálparsími	25.000	0
Líbanon - neyðaraðstoð	23.855	8.289
Sýrland - neyðaraðstoð	23.849	18.868
Sómalía - þróunarsamvinna	22.610	23.399
Allþjóðastarf almennt	21.167	0
Súdan - neyðaraðstoð	18.618	32.285
Neyðarbeiðni v. kynferðislegs ofbeldis	16.495	0
PGI Africa Region Support	16.403	0
Afríka - trjáræktaráttak IFRC	14.181	0
Fjölskyldusameining	11.403	0
Önnur framlög	124	0
Fjöldahjálparstöð	0	94.771
Jarðhræringar á Suðurnesjum	0	25.325
Afganistan - neyðaraðstoð	0	20.964
Rammasamningur við UTN - ýmis verkefni	0	18.226
Afríka - Brúun hins stafræna bils	0	11.519
Marokkó, jarðskjálftar - neyðaraðstoð	0	10.853
Samningsbundin verkefni við ríkið og sveitarfélög	1.089.057	1.138.722

	2025	2024
24. Frjáls framlög		
Mannvínir	316.913	331.605
Viðnámsþróttur - Suðurnes, Rio Tinto	75.325	14.030
Sálrænn stuðningur við flóttafólk - Evrópuverkefni	43.202	45.650
Alþjóðlegt hjálparstarf - frestaðar tekjur	42.470	14.209
Önnur framlög og gjafir	34.218	22.317
Félagsgjöld til deilda	27.560	28.584
Hjálparsími	24.915	22.977
Palastína - neyðaraðstoð	18.987	0
Húsaleigustyrkur - Kaldalán	16.682	0
Jólahefti	13.857	16.250
The Keys to Society	13.374	1.765
Skaðaminnkun - Frú Ragnheiður	11.296	10.009
Neyslurými	5.358	0
Vinaverkefni	4.052	4.101
Aðstoð eftir afplánun	3.400	5.229
Flóttafólk	2.961	2.555
Samstarf um MHPSS fræðslu innflytjendur og flóttafólk	2.281	0
Malavi - mannúðaraðstoð	1.255	1.183
Myanmar - jarðskjálfti - neyðaraðstoð	1.029	0
Tómstundasjóður	812	735
Pathways to integration - styrkur Rannís	801	0
Jólaaðstoð	210	3.390
Jarðhræringar Suðurnes - framlag frá IFRC	204	48.795
Úkraína - vopnuð átök	0	67.759
Jarðhræringar Suðurnes- styrkir	0	43.295
Styrkir frá ríkissjóði og ríkisstofnunum	0	28.362
Vaknaðu - styrktartónleikar	0	20.714
Umsækjendur um vernd	0	5.698
Afganistan - neyðaraðstoð	0	4.731
Félagsleg aðlögun flóttafólks - Evrópuverkefni	0	3.789
Sómalía - neyðaraðstoð	0	3.071
Marokkó - neyðaraðstoð	0	2.058
Miðjarðarhaf - neyðaraðstoð	0	730
Frjáls framlög	661.162	753.591
25. Tekjur af fasteignum og aðrar tekjur		
Húsaleigutekjur	18.013	17.710
Tekjur af fasteignum og aðrar tekjur	18.013	17.710
26. Innlend verkefni		
Laun og annar óskiptur kostnaður deilda	25.636	46.663
Laun og annar rekstrarkostnaður deildarþjónustu og stjórnar	70.100	54.985
Laun og annar rekstrarkostnaður vegna innlands hjálparstarfs	61.993	32.954
Flóttafólk	155.714	144.613
Neyðarskýli	146.996	128.912
Skyndihjálp	128.156	103.953

	2025	2024
Jarðhræringar Suðurnes 2023	76.263	132.697
Hjálparsími	69.200	62.822
Skaðaminnkun - Frú Ragnheiður	67.956	62.026
Sálræn skyndihjálp	66.571	58.939
Umsækjendur um alþjóðlega vernd	62.876	107.670
Skaðaminnkun - Neyslurými	61.336	60.525
Vinaverkefni	46.064	43.157
Neyðarvarnir	29.805	19.221
Aðstoð eftir afplánun	19.380	15.746
Rekstur fasteigna deilda	17.410	43.535
Einstaklingsaðstoð	4.233	6.260
Fjölmennningarverkefni	1.056	3.068
Fjöldahjálpastöð	0	94.771
Önnur innlend verkefni	18.348	13.702
Innlend verkefni	1.129.093	1.236.218
27. Alþjóðleg verkefni		
Alþjóðahjálparstarf:		
Neyðar- og mannúðaraðstoð	256.978	303.440
Þróunarsamvinna	237.091	210.879
Sendifulltrúar	23.856	40.917
	517.925	555.236
Alþjóðasamstarf og önnur alþjóðleg verkefni:		
Laun og annar rekstrarkostnaður	109.050	84.432
Námskeið, ráðstefnur, fundir	4.340	4.849
Framlag til ICRC og IFRC	4.742	6.359
	118.132	95.640
Alþjóðleg verkefni	636.057	650.876
28. Sjúkraflutningar		
Rekstrarkostnaður sjúkrabifreiða	233.988	238.152
Áhöld, búnaður og fjarskipti	127.853	104.552
Önnur rekstrargjöld	124.262	117.757
Afskriftir sjúkrabifreiða og búnaðar	203.043	213.775
Sjúkraflutningar	689.146	674.237
29. Fjáröflun og kynning		
Laun og annar rekstrarkostnaður	63.632	28.526
Rekstur Fatasöfnunar	151.616	189.033
Fjáraflanir	71.954	92.803
Rekstur verslana deilda	50.691	41.067
Kynningar- og markaðsmál	32.835	46.700
Fjáröflun og kynning	370.728	398.129

	2025	2024
30. Sameiginlegur kostnaður		
Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	144.855	109.206
Rekstur fasteigna	46.424	48.374
Skrifstofukostnaður og annar rekstrarkostnaður	34.840	25.900
Rekstur tölvubúnaðar	23.103	19.926
Hækkun eftirlaunaskuldbindingar	23.619	14.520
Mötuneyti og kaffikostnaður	7.129	11.095
Rekstur bifreiða	3.980	1.103
Sameiginlegur kostnaður	283.950	230.124

31. Framlög verkefnasjóðs

Verkefnasjóður fær hluta af tekjum af söfnunarkössum skv. ákvörðun aðalfundar. Þeim er ráðstafað til verkefna deilda í samræmi við ákvörðun stjórnar Verkefnasjóðs.

Tekjur af söfnunarkössum	102.828	102.828
Tekjur frá Mannvinum	25.138	25.138
	127.965	127.965
Ráðstöfun:		
Framlög til deilda	7.078	7.078
Fært á næsta ár	120.887	120.887
	127.965	127.965
Uppsafnað ráðstöfunarfé	239.390	239.390

32. Óráðstafaðar tekjur til verkefna

Frestuð alþjóðleg verkefni:

Neyðaraðstoð/mannúðarverkefni	71.015	127.132
Úkraína, vopnuð átök	164	21.910
Palestína - neyðaraðstoð	28.797	5.960
Rammasamningur mannúð UTN 2025-2027	3.113	0
Tyrkland jarðskjálfti neyðaraðstoð	0	5.756
	103.089	160.757

Frestuð verkefni innanlands:

Viðnámspróttur á Suðurnesjum - Rio Tinto	122.165	198.490
Verkefnasjóður, óráðstafað	50.052	50.052
Jarðhræringar Suðurnes 2023	27.332	27.536
Erfðafjárverkefni	25.367	16.532
Seyðisfjörður	13.309	13.309
Samningur um þjónustu við umsækjendur um vernd	9.069	6.880
Málsvarastarf	8.293	19.957
The Keys to Society samstarf við CCEP	4.861	8.235
Neyslurými	4.647	0
Nyoxin (Naxalon) - fræðsla	4.385	4.750
Áfallasjóður	4.200	4.200

	2025	2024
Samningur um þjónustu við flóttafólk	3.168	11.392
Mansalsheiti RKÍ	2.930	2.930
Tómstundasjóður	2.472	84
Fjölskyldusameiningar 2025-2026	2.097	6.500
Vínaverkefni	983	758
Pathways to intergration - styrkur Rnnís	368	0
Sálrænn stuðningur við flóttafólk - Evrópuverkefni	0	18.667
Íslenskukennsla	0	4.559
Skaðaminnkun - Frú Ragnheiður	0	3.559
Félagsleg aðlögun flóttafólks - Evrópuverkefni	0	629
Önnur verkefni	888	2.419
	<u>286.587</u>	<u>401.438</u>
Óráðstafaðar tekjur til verkefna	<u>389.676</u>	<u>562.195</u>

33. Kassatekjur deilda og framlög úr verkefnasjóði

	Kassa- tekjur	Verkefnasjóður samkvæmt umsóknum	Samtals
Rauði krossinn í Árnassýslu	2.633	945	3.578
	<u>2.633</u>	<u>945</u>	<u>3.578</u>

Undirritunarsíða

Löggiltur endurskoðandi
Theodór Siemsen Sigurbergsson

Stjórnarformaður
Sigríður Stefánsdóttir

Stjórnarmaður
Arnbjörg Sveinsdóttir

Stjórnarmaður
Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir

Stjórnarmaður
Ingibjörg Ásta Bjarnadóttir

Stjórnarmaður
Ívar Kristinsson

Stjórnarmaður
Jón Ásgeirsson

Stjórnarmaður
Magnea Gná Jóhannsdóttir

Stjórnarmaður
Óttarr Ólafur Proppé

Stjórnarmaður
Símon Friðrik Símonarson

Undirritunarsíða

Stjórnarmaður
Valgerður Bláklukka Fjölnisdóttir

Stjórnarmaður
Árni Jóhannsson

Stjórnarmaður
Unnsteinn Ingason

Framkvæmdastjóri
Ingibjörg Elín Halldórsdóttir